

bráðabirgða 15. nóvember 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1993 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 11. október 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um bráðabirgðagildistöku samnings við Pólland um viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Með orðsendingaskiptum 24. september og 1. október 1993 var ákveðið að samningur milli Íslands og Póllands frá 10. desember 1992 um viðskipti með landbúnaðarafurðir myndi öðlast gildi til bráðabirgða 15. nóvember 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1993 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 11. október 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis 7. október 1993 var finnska utánríkisráðuneytinu tilkynnt 7. október 1993 um staðfestingu Íslands á samkomulagi um breytingu á samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem undirritað var í Helsingfors 18. mars 1993, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1962, þar sem samningurinn er birtur, 16/1971, 17/1975, 13/1983, 16/1985, 4/1986 og 33/1991. Samkomulagið öðlast gildi 7. nóvember 1993.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. október 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.